Í 3. PERSÓNU

Steinunn Þórarinsdóttir heldur um þessar mundir einkasýningu að Kjarvalsstöðum og sýnir alls 11 verk. Listakonan á að baki langan námsferil, eina einkasýningu (Gallerí Suðurgötu 1979) og þátttöku í nokkrum samsýningum.

Ný veröld


Listakonan gefur okkur innsýn í nokkuð furðulega veröld, tjáða í brenndan leir, efni sem gefur mannslíkamanum nýjar víddir og nýja túlkunarmöguleika. Og ef við fylgjum nöfnum verkanna í bókstaflegri merkingu, getum við sagt að þessir „líkamar" og „hausar" standi utan við okkar venjubundna raunveruleika (sjá nöfn, verk eins og „skuggar", „draumur", „flug", „persóna".) Og latneska orðið „persona", sjá verk nr. 7—8, (Steinunn var við nám á Ítalíu 1979—1980), þýðir einmitt gríma, sem leikarar notuðu til forna. Þannig tjá verkin okkur visst „líkamsleysi", eða „tóm", þar sem spilað er með hið ytra útlit til að virkja áhorfandann í myndelstrinum og jafnvel vekja hjá manni undarlegar kenndir.

Þá eru þessi tómu, tjáningarlausu andlit látin andspænis speglum, sem eru aldrei annað en endurskin hins ytri veruleika, en ná aldrei að sýna okkur hina sálrænu og líkamlegu þykkt mannverunnar.

Stemmning

En þó er varasamt að fara út í of flóknar útlistanir þar sem flest verkin virðast fyrst og fremst vera hvatar að ákveðinni upplifun, — eins og við sjáum í 2—3 skiptum lágmyndum, sem í einfaldleik sínum og sterkari efnisverkun virka líkt og ljóðrænar stemmningar.

Áhorfendum er boðið upp á að raða þessum myndbrotum og túlka þau að eigin vild, vitandi vits, að grunntónninn liggur í efninu sjálfu.



„Flugið I" nr. 5 (1980. Brenndur leir, ýmislegt). Ljósm. GBK.

Ópersónur

„Leikbrúðurnar í fullri stærð" eiga nokkra sérstöðu á sýningunni, en hafa þó sameiginlegt með öðrum myndum sýningarinnar ákveðið „líkamsleysi". Þessar brúður, sem hanga/detta, virðast þó hafa skýrari merkingu í umfjöllun listakonunnar.

Við getum sagt að sýningin í heild sé „ort" í 3. persónu, sem þó 1. persóna getur tileinkað sér. Þessir „hann", „hún", „það" hafa misst öll persónuleg einkenni og runnið saman í „maður", sem í þessum myndum hér er hlaðinn dularfullum blæ, ekkert ólíkum „l'art fantastique".

En þó er ekki því að leyna að efnið sjálft er afgerandi hlutur í listsköpuninni. Efnið í þessum myndum er aðalhvatinn að þessari sérkennilegu stemmningu sem ríkir á sýningunni. Það verður því spennandi að fylgjast með úrvinnslunni, hvort „persónan" eigi eftir að fá skilgreindari og skýrari meiningu.

-G.B.K.

Myndlist

Gunnar B. Kvaran

Bandarískir brunnmigar og bræður þeirra á atómöld

Við eigum sagnir um rismikla öld sem hlotið hefur nafnið víkingaöld. — Ýmsir með Moggasiðgæði hafa reynt að skipa öld þessari virðulegan sess í sögunni og freistað þess að sveipa hana gullnum ljóma. Sannleikurinn er hinsvegar sá að þetta er öld gangstera, sem freista þess að ná hámarki á okkar atómöld.

Menn slógu sér saman sem kallað er og fóru í svonefndan hernað til að afla sér fjár og frama. Þetta þyddi, að fara á fjarlæga staði til rána og illvirkja. Þeir gengu á land þar sem varnarlaust og friðsamt fólk átti sér einskis ills von. Konum var nauðgað, börn hent á spjótsoddum, gamalmenni lemstruð og fjöldinn af fólkinu drepinn, sumt hneppt í þrældóm. Síðan kveikt í kotunum eftir að öllu hafði verið rænt sem hægt var að nota.

Þetta var á þeirra máli að afla sér fjár og frægðar. Nautgripum öllum smalað, drepnir og fluttir burtu. Þetta voru nákvæmlega sömu skýrslur og bárust frá Kóreu, Víetnam og Suður-Ameríku, aðeins munur á tækni. Ég man svo langt að ég las fagnaðarskýrslu af Malakkaskaga þar sem Bretar brenndu til ösku 40 þorp til að koma friði á. Þessir menn eru alltaf með bibliuna í annarri hendi og byssuna í hinni til að vernda frið og siðgæði.

Mörgum verður á að spyrja hvað þetta fólk í fortíð og nútíð hafi gert fyrir sér.

Þessi stóri glæpur er sá að biðja verndarana að hvika sér frá svo sólin geti skinið á það. Það langar til að lifa á einskonar mannsæmandi hátt í sínu eigin landi sem hrifsað hefur verið af því. Sá einasti glæpur sem viðurkenndur er, er að vera á móti glæpunum.

Nú verður manni á að spyrja, hverjir það eru sem stíga þennan darraðardans á dauðra manna búkum. Eru það ekki einhverjir skrælingjar í líkingu við sósíalista?

En það undarlega verður uppi á teningnum að þetta eru friðelskandi þjóðir, Bretar, Frakkar, Hollendingar með bróður að baki, Bandaríkin. Þetta eru hvorki meira né minna en máttarstólpar þessa hnattar með bros á vör og kærleikann í kjaftvikinu. „Hvað mun innar?" sagði karlinn sem fann lúsina á tanngarðinum.

Okkar síðasti brunnmigur sem um getur í sögu gisti hjá örfátækum bónda á Vestfjörðum, að morgni greiddi hann næturgreiðann með því að miga í brunn hans. Nú er öldin önnur, tæknin hefur hent fyrir borð svona hafurtaski.

Okkar mikli mat- og lífsbrunnur er 200 mílna landhelgin. Sá brunnur mun nú vera hlaðinn kjarnorkusprengjum og eiturtuðrum og borin von um að verða fullmiginn.

Kúrekarnir eru endurreistir afreksmenn frá víkingaöld, ásamt heilaklofnum karlpeningi með staðna hugsun. Nú henda þeir í San Salvador börn á byssustingum í stað spjótsodda, svona vinnur tæknin á. Hugsjón höfuðþjóðar framvindunnar er að kúga hvert smáríki sem á einhver náttúruauðæfi til að láta þau af hendi, eða kalla yfir sig dóm hins sterka. Þessi forystuþjóð og hennar bræður berjast um hinn þriðja heim. Leggja þeim til vopn, lán og gjafir uns mótstaðan er þrotin og þá fljúga hinir sameiginlegu náhrafnar aftur á hræ.

Þytur skelfingarinnar hefur nú farið um Vestur-Evrópu og fólkið neitar að deyja fyrir stórmennin með hertæknina í handarkrikanum. En hvað sem hinir steigurlátu slátrarar segja og gera, pippar angistarsviti þeirra undan herklæðum blekkingarinnar. Þeir geta ekki án alþýðunnar verið, sem trúir ekki lengur á mannfórnir, heldur betra mannlíf. En slíkt þola auðmangarar ekki. Alþýðan má ekki eygja þá hugmynd að hún hafi meiri gæðum, þótt annað standi á síðum auðhringanna. Þá skopmynd vantar alltaf undir tanngarðinn.

Þá er okkur ekki síður skylt að horfa og hugsa um himingeiminn. Þar munu ótal byggðir hnettir og margt bendir til að við fáum hugdettur þaðan, þótt ekki sé enn sannað vísindalega en margir okkar mestu hugsuðir eru sem óðast að fallast á slíkt. Hinar mestu menningarþjóðir fornaldar voru komnar lengra á því sviði en við. Má þar nefna Grikki, Rómverja, Indverja, Kínverja og fleiri þjóðir sem við vitum lítil skil á. Jafnvel Biblían morar af slíkum sögnum, sem benda til tengsla út í geiminn. Flestir hafa að einhverju þá trú að maðurinn deyi ekki út, enda væri fáránlegt að hugsa sér annað. Öll tilveran frá toppi til táar er lifandi, ætti þá toppstykkið eitt að falla fyrir róða. Tilgátur eru til alls fyrstar og verða með tímanum að vísindum.

Eitt gæti kannski stoppað hina eiginlegu mannætu, að ef eitthvað væri rétt í því sem sjáendur segja um hina verstu menn er þeir koma til annarra bústaða. Kirkjan hafði lengi hvelvíti á oddinum, en bústaðir þessara manna eru lítt fýsilegri. Þetta byggist á því að maðurinn verður að bera ábyrgð á verkum sínum, sem er hið eina réttlæti.

Allir hinir verstu menn verða á sérstökum stöðvum að ganga sjálfir í gegnum allt það ægilega sem þeir hafa öðrum bruggað. Þetta er bara réttlæti og engum rentum á þá bætt. Réttlætið er áttaviti tilverunnar og verður ekki umflúið, eða bætt með krónum. Þegar þessir meinvættir lífsins hafa lokið sinni skelfingargöngu, er þeim send hjálp til að byrja nýtt líf. Þetta er ekki sett fram sem vísindi, en hollt væri mörgum að ljá því eyra.

Halldór Pjetursson, rithöfundur.

Kjallarinn



Halldór Pjetursson

„Þytur skelfingarinnar hefur nú farið um Vestur-Evrópu og fólkið neitar að deyja fyrir stórmennin með hertæknina í handarkrikanum," segir Halldór Pjetursson í grein sinni.

að sterkir menn séu við hvora hönd, sem geti tekið í taumana ef hann er of berorður um fagnaðarboðskapinn.

Hið hryllilega ástand í ríkjum Suður-Ameríku, sem Bandaríkin brjóstfæða, er orðið svo að jafnvel Tíminn birtir grein þann 12.1 '82 með svohljóðandi fyrirsögn: „Svo óralangt frá guði, en svo nálægt Bandaríkjunum". Grein þessi er svo hryllileg að hún þarfnast engra útmálunar, en þýðir á máli Bandaríkjaforseta: **Siðmenntaðar hernaðaraðgerðir.** Hér er enginn tepruskapur hins frjálsa heims.

Við getum kannski ekki veitt mikið viðnám en meðan við drögum að okkur ferskt loft og höfum vitund af sannfæringu, er betra að standa á hnjám en falla í auðmýkt flatur niður. Það er hugsunin um öryggi lífsins og siðgæði þess sem okkur er skylt að halda vörð um og ávaxta. Það eitt getur stöðvað ofurmenni alheimskunnar. Alvaldið gaf okkur þennan hnött með óþrjótanlegum gögnum og